

## Skólaráð Pelamerkurskóla

2. fundur 29. mars 2019

Mættir: *Ragnheiður Lilja* skólastjóri, *Anna Kristín* og *Heiðís* fulltrúar nemenda, *Gréta* og *Anna Rós* fulltrúar kennara, *Sigga Hrefna* fulltrúi annars starfsfólks, *Jóhanna* og *Andrea* fulltrúar foreldra og *Oddur Bjarni* fulltrúi nærsamfélags.

Dagskrá:

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
2. Skóladagatal 2019-2020. Skólastjóri kynnti fyrstu drög.
3. Félagsmiðstöð. Skólastjóri kynnti hugmyndir um félagsmiðstöð á vegum sveitarfélagsins. Fram kom ábending varðandi opnunartíma fyrir miðstig um að tengja við Smáraæfingar og/eða aðra starfsemi á svæðinu. Eins kom ábending um að hafa í huga samstarf við ungmennafélagið, kirkjuna o.s.frv. Umræður um nýtingu á húsnæði og hugsa fram í tímann hvað það varðar, s.s. um frístundastarf fyrir yngri börn eftir skóla, frístundastarf fyrir fullorðna, klúbba-/frístundastarf fyrir 16-25 ára o.s.frv.
4. Breytingar á skólalóð. Ærslabelgur verður settur upp í vor og nýtt gras kemur á sparkvöllinn. Fram kom ábending um hve gróft malbikið á skólalóðinni er. Myndi bæta margt að slétta úr þessu. Þannig verður minni slyshætta auk þess sem hægt væri að teikna og mála meira á stéttina. Spurt var um upphitun á sparkvellingum og skólastjóri kynnir sér það betur. Rætt var um hvort tilefni væri til að auka fjölbreytni í hreyfitækjum á skólalóð og voru bæði nefndir kastalar og skólahreystibraut. *Skólaráð leggur til að skoðaðir verði möguleikar á að setja fleiri tæki á skólalóðina í nánustu framtíð.*
5. Árshátíð. Umræða og mat á því hvernig til tókst. Flestir voru sammála um að jákvætt hefði verið að breyta tímasetningu árshátíðarinnar og byrja fyrr að deginum. Einn fulltrúi kom með það sjónarmið að færa þetta bara klukkustund framar en áður var. Almenn ánægja með að sleppa hléi á sýningunni. Fram kom að það hafi ekkert virst erfitt fyrir krakkana að komast ekki heim milli skóla og sýningar. Gott að vera ekki með úrvinda börn seint að kvöldi.

Fulltrúar nemenda og kennara þurftu að fara í kennslustund þegar hér var komið sögu og því fækkaði á fundinum. Það sem eftir kom eru viðkomandi aðilar upplýstir um sérstaklega.

6. Niðurstöður úr eineltis og foreldrakönnun. Skólastjóri kynnti niðurstöður eineltis- og foreldrakönnunar sem framkvæmdar voru nýlega.
7. Önnur mál
  - a. Símanotkun, öpp, bannaðir leikir, yngri nemendur að horfa með þeim eldri. *Lagt til að símasáttmálar verði endurskoðaðir.*
  - b. Matartíminn. Vangaveltur um hvort matartíminn sé of stuttur á föstudögum og nemendur sleppi því að borða til að koma nógu snemma út í skólarútur.
  - c. Stundaskrá. Bent á að tryggja uppbot og hreyfingu hjá yngsta stigi.
  - d. Stutt umræða um námshópa. Rætt frekar á næsta fundi.

Fundi slittið kl. 11. Fundarritari Ragnheiður Lilja